

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/57/EB

frá 25. júlí 2001

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/48/EB<sup>(2)</sup>, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/39/EB<sup>(4)</sup>, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/48/EB, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/49/EB<sup>(7)</sup>, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skráða virka efninu flúroxýpýr var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB<sup>(8)</sup>. Framkvæmdastjórnin hefur ekki enn ákvarðað samræmt leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þetta virka efni. Æskilegt er, bæði að því er varðar almannaheilbrigði og viðskipti, að leyfilegt hámarks magn leifa sé samræmt.
- 2) Eftir skráningu efnisins í I. viðauka leyfðu aðildarríki nokkur plöntuvarnarefni sem innihalda það, í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE, og ákváðu bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa eins og krafist er í f-lið 1. mgr. 4. gr. sömu tilskipunar. Þessi leyfi taka til notkunar sem illgresiseyðir í aldingörðum eða sem illgresiseyðir eftir spírur á epli, olífu, lauk, korn, engi og bithaga. Þessi gildi og upplýsingarnar, sem þau byggjast á, hafa verið tilkynnt

framkvæmdastjórninni eins og farið er fram á í tilskipuninni. Þessar upplýsingar, ásamt fyrirliggjandi gögnum af öðrum toga, hafa verið endurskoðaðar og nægja til þess að ákvarða megi leyfilegt hámarks magn leifa til bráðabirgða.

- 3) Í 5. gr. tilskipunar 86/363/EBE er kveðið á um að bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir dýraafurðir, sem eru ákvörðuð í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE, skuli tilgreind í II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE.
- 4) Þegar flúroxýpýr var fellt inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á flúroxýpýri lokið 30. nóvember 1999 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um flúroxýpýr. Í þessari endurmatsskýrslu var viðtekinn dagskammtur (ADI) fyrir flúroxýpýr ákvarðaður 0,8 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Ævilöng váhrif matvæla, sem eru meðhöndluð með flúroxýpýri, á neytendur hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur, sem farið er eftir innan Evrópubandalagsins, með tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út<sup>(9)</sup> og reiknað hefur verið út að ekki sé ástæða til að ætla að leyfilegt hámarks magn leifa, sem fastsett er með þessari tilskipun, fari yfir þennan viðtekna dagskammt.
- 5) Við matið og þá umfjöllun, sem fór fram áður en kom til skráningar flúroxýpýrs í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, varð ekki vart bráðra eiturrifa sem kölluðu á að fastsettur yrði viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar.
- 6) Til að tryggja að neytendur séu nægilega verndaðir gegn váhrifum af völdum leifa í eða á matvælum, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, skal í varúðarskyni ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa, sem miðast við neðri mörk greiningarákvörðunar fyrir allar slíkar vörur sem ákvæði tilskipana ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE gilda um. Setning slíkra bráðabirgðagilda fyrir leyfilegt hámarks magn leifa innan bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir flúroxýpýr í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun.
- 7) Talið er að fjögur ár nægi til þess að ákvarða flest önnur frekari not flúroxýpýrs. Að þeim tíma liðnum skulu þessi bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa verða endanleg.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 180, 3.7.2001, bls. 26.<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 148, 1.6.2001, bls. 70.<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stjtuð. EB L 176, 29.6.2001, bls. 61.<sup>(8)</sup> Stjtuð. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28.<sup>(9)</sup> „Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu“ (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfisstofnunarinnar (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefna-leifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

- 8) Ráðgjast hefur verið við viðskiptaaðila bandalagsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um það magn sem ákvarðað hefur verið í þessari tilskipun og athugasemdir þeirra teknar til greina. Ekkert leyfilegt hámarksmagn leifa hefur verið skilgreint í CODEX fyrir flúroxýpýr. Framkvæmdastjórnin mun kanna, á grundvelli fullnægjandi, framlagðra gagna, hvort unnt sé að fastsetja leyfilegt hámarksmagn leifa tiltekinna samsetninga varnarefna og plantna, annarra en þeirra sem hér er getið.
- 9) Tekið er tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Eftirfarandi bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

| Varnarefnaleif   | Hámarksmagn í mg/kg   |
|--|---|
| „Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess, gefnir upp sem flúroxýpýr | 0,1 <sup>(b)</sup> Bygg, hafrar, rúgur, rúghveiti og hveiti<br><br>0,05 <sup>(*)</sup> <sup>(b)</sup> Aðrar kornvörur |

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

<sup>(b)</sup> Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE; litið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg, í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar, fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar.“

## 2. gr.

Eftirfarandi bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

| Varnarefnaleif | Hámarksmagn (mg/kg)  |  |   |
|----------------|--|--|---|
|                | Af kjöti, þ.m.t. fitu, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602, | Fyrir mjólk og mjólkurvörur sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 | Af skurnlausum, nýjum eggjum, fyrir fuglseggi og eggjarauður sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 |
| „Flúroxýpýr    | 0,5 <sup>(b)</sup> úr 0206 Nýru<br><br>0,05 <sup>(*)</sup> <sup>(b)</sup> Aðrar afurðir  | 0,05 <sup>(*)</sup> <sup>(b)</sup>   | 0,05 <sup>(*)</sup> <sup>(b)</sup>  |

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

<sup>(b)</sup> Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE; litið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg, í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar, fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar.“

## 3. gr.

Dálkurinn með yfirskriftinni „Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess, gefnir upp sem flúroxýpýr“, í viðaukanum við þessa reglugerð, bætist við í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. febrúar 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2002.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

—

## VIÐAUKI

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um   | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)  |
|---|---|
|   | Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess, gefnir upp sem flúroxýpýr |
| <p>1. <b>Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frýstingu án viðbættis sykurs; hnetur</b></p> <p>i) <b>SÍTRUSÁVEXTIR</b><br/> Greipaldin<br/> Sítrónur<br/> Súraldín (límónur)<br/> Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)<br/> Appelsínur<br/> Pómelónur<br/> Annað</p> <p>ii) <b>TRJÁHNETUR</b> (í skurn eða án hennar)<br/> Möndlur<br/> Parahnetur<br/> Kasúhnetur<br/> Kastaníuhnetur<br/> Kókoshnetur<br/> Heslihnetur<br/> Goðahnetur (makadamíahnetur)<br/> Pekanhnetur<br/> Furuhnetur<br/> Pistasúhnetur<br/> Valhnetur<br/> Annað</p> <p>iii) <b>KJARNAÁVEXTIR</b><br/> Epli<br/> Perur<br/> Kveði<br/> Annað</p> <p>iv) <b>STEINALDIN</b><br/> Apríkósur<br/> Kirsiber<br/> Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)<br/> Plómur<br/> Annað</p> <p>v) <b>BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN</b></p> <p>a) Vínber og þrúgur<br/> Vínber<br/> Þrúgur</p> <p>b) Jarðarber (önnur en villt)</p> | <p>0,05 (*) <sup>(b)</sup></p>                            |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um  | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg) |
|--|--|
|  | Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess gefnir upp sem flúroxýpýr |
| <p>c) Klungurber (önnur en villt)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Brómber</li> <li>Daggarber (elgsber)</li> <li>Logaber</li> <li>Hindber</li> <li>Annað</li> </ul> <p>d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Aðalbláber</li> <li>Trönumber</li> <li>Rifsber (rauð og hvít) og sólber</li> <li>Stikilsber</li> <li>Annað</li> </ul> <p>e) Villt ber og ávextir</p> <p>vi) ÝMISS KONAR ALDIN</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lárperur</li> <li>Bananar</li> <li>Döðlur</li> <li>Fíkjur</li> <li>Kíví</li> <li>Dvergappelsínur</li> <li>Litkaber</li> <li>Mangó</li> <li>Ólífur</li> <li>Píslaraldin</li> <li>Ananas</li> <li>Granatepli</li> <li>Annað</li> </ul> |  |
| <p>2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað</p>   | <p>0,05 (*) <sup>(b)</sup></p>                           |
| <p>I) RÓTARÁVEXTIR OG HNYÐI</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Rauðrófur</li> <li>Gulrætur</li> <li>Hnúðsilla</li> <li>Piparrót</li> <li>Ætíffill</li> <li>Nípur</li> <li>Seljurót</li> <li>Hreðkur</li> <li>Hafursrót</li> <li>Sætuhnúðar</li> <li>Gulrófur</li> <li>Næpur</li> <li>Kínakartöflur</li> <li>Annað</li> </ul>   |  |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um  | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)  |
|--|---|
|  | Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess, gefnir upp sem flúroxýpýr |
| <p>ii) LAUKAR</p> <p>Hvítlaukur</p> <p>Laukur</p> <p>Skalottlaukur</p> <p>Vorlaukur</p> <p>Annað</p> <p>iii) ALDINGRÆNMETI</p> <p>a) Náttskuggaætt</p> <p>Tómatar</p> <p>Paprikur</p> <p>Eggaldin</p> <p>Annað</p> <p>b) Graskersætt — með ætu hýði</p> <p>Gúrkur</p> <p>Smágúrkur</p> <p>Dvergbitar</p> <p>Annað</p> <p>c) Graskersætt — með óætu hýði</p> <p>Melónur</p> <p>Grasker</p> <p>Vatnsmelónur</p> <p>Annað</p> <p>d) Sykurmaís</p> <p>iv) KÁL</p> <p>a) Blómstrandi kál</p> <p>Spergilkál</p> <p>Blómkál</p> <p>Annað</p> <p>b) Kálhöfuð</p> <p>Rósakál</p> <p>Höfuðkál</p> <p>Annað</p> <p>c) Blaðkál</p> <p>Kínakál</p> <p>Grænkál</p> <p>Annað</p> <p>d) Hnúðkál</p> <p>v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR</p> <p>a) Salat og álíka</p> <p>Karsi</p> <p>Lambasalat</p> <p>Salat</p> <p>Vetrarsalat</p> <p>Annað</p> |   |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um  | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)  |
|--|---|
|  | Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess, gefnir upp sem flúroxýpýr |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>b) Spínat og álíka <ul style="list-style-type: none"> <li>Spínat</li> <li>Strandblaðka</li> <li>Annað</li> </ul> </li> <li>c) Brunnerperla</li> <li>d) Jólasalat</li> <li>e) Kryddjurtir <ul style="list-style-type: none"> <li>Kerfill</li> <li>Graslaukur</li> <li>Steinselja</li> <li>Blaðsellerí</li> <li>Annað</li> </ul> </li> <li>vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) <ul style="list-style-type: none"> <li>Baunir (með fræbelg)</li> <li>Baunir (án fræbelgs)</li> <li>Ertur (með fræbelg)</li> <li>Ertur (án fræbelgs)</li> <li>Annað</li> </ul> </li> <li>vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) <ul style="list-style-type: none"> <li>Spergill</li> <li>Salatþistill</li> <li>Sellerí</li> <li>Fennika</li> <li>Ætiþistill</li> <li>Blaðlaukur</li> <li>Rabarbari</li> <li>Annað</li> </ul> </li> <li>viii) SVEPPIR <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Ræktaðir ætisveppir</li> <li>b) Villtir ætisveppir</li> </ul> </li> </ul> |   |
| <p>3. <b>Belgávextir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Baunir</li> <li>Linsubaunir</li> <li>Ertur</li> <li>Annað</li> </ul>   | 0,05 (*) <sup>(b)</sup>                                   |
| <p>4. <b>Olíufræ</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Höfræ</li> <li>Jarðhnetur</li> <li>Valmúufræ</li> <li>Sesamfræ</li> <li>Sólblómafræ</li> <li>Repjufræ</li> <li>Sojabaunir</li> <li>Mustarðskorn</li> <li>Baðmullarfræ</li> <li>Annað</li> </ul>  | 0,05 (*) <sup>(b)</sup>                                   |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um          | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)  |
|--|---|
|  | Flúroxýpýr, þ.m.t. estrar þess, gefnir upp sem flúroxýpýr |
| 5. <b>Kartöflur</b><br>Sumarkartöflur<br>Kartöflur af haustuppskeru                      | 0,05 (*) <sup>(b)</sup>                                   |
| 6. <b>Te</b> (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, úr lafi <i>Camellia sinensis</i> ) | 0,1 (*) <sup>(b)</sup>                                    |
| 7. <b>Humlar</b> (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkjað duft                       | 0,1 (*) <sup>(b)</sup>                                    |

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

<sup>(b)</sup> Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem fastsett voru í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: lítið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg, í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar, fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar.